


Myndlist

eftir BRAGA ÁSGEIRSSON

Sýning Steinunnar Marteinsdóttur



ÞAÐ hefur lengi verið hljótt um Steinunni Marteinsdóttur leirmótunarsmið sem listakonu, hún vann hér áður fyrr á sjálfstæðum grundvelli um fimm ára skeið, en hætti skyndilega og hóf nám við Háskóla Íslands í hverju veit ég ekki og á bágt með að skilja forsendur þess að listamenn leiti á vit þeirrar stofnunar, — en fróðleikurinn er þó eitt af leiðarljósunum í lífi og starfi þeirra er sig myndlistum helga. Síðan hófst hún handa við að miðla þekkingu sinni á sviði leirmótunar með námskeiðum að býli sínu og manns síns að Hulduhólum í Mosfellssveit og voru þau fjölsótt og þar fann margur athafnaþrá sinni virka útrás. Slík mannleg samskipti á sviðum listrænna athafna gefa af sér mikinn og áhugaverðan ríkdóm en eru naumast fullnægjandi vettvangur fyrir útrás skapandi þarfa listafólks er til lengdar lætur og svo fór að Steinunn lokaði sínu verkstæði og hóf sjálfstæða listsköpun í miklum mæli. Var sem opnuðust allar gáttir skapandi þarfar frúarinnar og árangur þess óveðurs og síbylju leitandi sálar getur að líta á Kjarvalsstöðum í dag og lýkur sýningunni raunar sama dag og þetta birtist.

Allt það sem bærðist innra með listakonunni fékk skyndilega útrás, margra ára þrá eftir að minnast á sjálfstæðan hátt við leirinn og glerunginn ruddist nú fram líkt og óveður og viðleitninni hömlur engar.

Öll sýning Steinunnar Marteinsdóttur á Kjarvalsstöðum ber mark áðurnefndra atriða, auk þess sem þetta er fyrsta sýning listakonunnar á opinberum vettvangi og ber því að nálgast sýninguna af nokkurri varúð. Alla viðleitni á sviði slíkra umbrota ber að nálgast af yfirvegan og skilningi, því að án skilningsfær ekkert þróast til mikilla umsvifa.

Strax og komið er inn á Kjarvalsstaði ber hinn gífurlegi fjöldi sýningargripa skoðandann ofurliði og gefur henni meiri svip af basar en hnitmiðaðri sýningu auk þess sem þróuninni eru ekki gerð greinileg markviss skil. Þannig virkar sýningin ákaflega ruglingslega á áhorfandann og uppsetningin bætir þar ekki um, en svo er sem oftar að ef lengi er leitað þá uppgvötar skoðandinn fjölmargt sem gleður augað við rólega yfirvegan, og þeim mun betur sem skoðað er því fleiri hlutir koma upp á yfirborðið sem við fyrstu sýn drukkna í hinum óhóflega fjölda sýningargripa. Sá framsláttur margra hefur við þung rök að styðjast að listakonan hefði verið stórum betur kynnt með einum fjórða af sýningargripunum.

Fram kemur mjög greinilega að mínu mati að Steinunn stendur á miklum tímamótum í viðleitni sinni og að hin látlausu náttúrulegu form, til að mynda þau er hún nefnir „Stef um Snæfellsjökul", „Esjustef" og svo einkum „Gróður vasar" vitna um ótvíræða hæfileika listkonunnar á sviði frjálsrar ummyndunar sýnilegra forma, ásamt öllu því sem hún mótar samkvæmt frjálsri upplifan úr náttúrunnar ríki. Inn á milli verða fyrir skoðandanum ýmsir áhugaverðir gripir sem illu heilli drukkna við fyrstu yfirferð, en hér sannast hið fornkveðna „að lengi skal leita". En reyndar sagði einn af höfuðpaurum nútímalistar á þessari öld, að maður ætti aldrei að leita, einungis að finna...

Þó að fram komi að hinn víðfærgi húsbóndi hafi hér nokkra tauma, þá skal hér sagt að án áhrifa skapast engin gild verk, og er þau eru í næsta nágrenni í öllum skilningi ber þeim ekki að hafna, en Steinunn hefur allt aðra litasýn og formkennd en húsbóndi sinn og til slíkra hluta ber henni að marka sinn listræna garð.


Skal hér staðar numið að sinni, og einstök verk ekki tíunduð né umfjölluð, en skírskotað skal til kröfuhörku allra er með slíkum málum fylgjast og ef vel vill sem Steinunn Marteinsdóttir getur í viðleitni sinni komið ríkulega til móts við.

Bragi Ásgeirsson.

Ragnheiður Jónsdóttir

Íslenzk Grafík

Félagið Íslenzk Grafík er nú með aðra samsýningu sína í sýningarsölum Norræna hússins, hin fyrri var haldin í Unuhúsi fyrir fimm árum, svo sem margir munu minnast. Þar sem ég er þess fullviss að einhverjum þyki fimm ár full langur tími á milli sýninga slíks félagsskapar, þykir mér rétt að taka það fram að starfsemi félagsins hefur verið með miklum blóma allan tímann, með þátttöku í norrænum samsýningum og alþjóðlegum sýningum víða um heim. Þá hefur félagið sett upp tvær viðamiklar sýningar í Norræna húsinu á erlendri grafík, hina fyrri á verkum úr verkstæði Stanley William Hayter í París og svo á Norrænni grafík í tengslum við listahátíðina 1972 og eru báðar þessar sýningar undirrituðum minnisstæðar, einkum hin síðari, og voru félagsskapnum til mikils sóma og munu hafa átt stóran þátt í því að augu margra opnuðust fyrir menningarlegheitum þessarar listgreinar og ýmsir tóku að safna grafík ekki síður en málverkum. Það er spá undirritaðs að mun skemmri tími muni líða til næstu sýningar og fyrr en varir getur þetta orðið gildur og árviss viðburður í listalífi höfuðborgarinnar því að allt bendir til þess að grafíkin hafi endanlega fest rætur hérlendis sem fullgild listgrein við hlið málverksins, höggmyndarinnar og öðrum þáttum myndlistar. Saga grafík-listar er þó mun lengri en félagsskapurinn og áhugi hefur verið mikill á henni meðal listamanna gegnum árin, við minnumst öll ágætra tilþrifa Jóns Engilberts á þessu sviði og hann stofnaði raunar



Barbara Árnason.

félag sem bar sama heiti en var óvirkt sökum mannfæðar og lélegra skilyrða til iðkunar listgreinarinnar hérlendis, þá hefur fjöldi listamanna fiktað dálítið við listgreinina, aðallega dúk- og tréristu og ég veit að á stefnuskrá félagsins er að draga þetta allt fram í dagsljósið innan tíðar og gæti orðið mikil og áhugaverð sýning, þar sem margt óvænt kæmi í ljós. Skilyrði til iðkunar listgreinarinnar þurfa enn mikið að batna og hún á ekki að vera einkavettvangur fárra, sem hafa efni og aðstæður til að festa sér rándýrar grafískar þrykkpressur og allt annað sem þeim tilheyrir. Hér er mikill vettvangur til úrbóta fyrir Handíða- og myndlistarskóla Íslands og er byggt verður yfir þann skóla, sem hlýtur að gerast fyrr eða síðar viljum við vera hlutgeng í norrænum hópi sem menningarþjóð, þá þarf að sérhanna grafískt verkstæði, sem einnig verði opið fyrir starfandi listamenn, þar sem þeir geta gengið að hinum fullkomnustu tækjum og fengið aðstoð þjálfaðra tæknimanna. Kostnaðurinn við slíkt er lítill miðað við margt annað sem nýtur skilnings í skólakerfinu. En þó hefur það verið svo gegnum árin, að lítill skilningur hefur verið á mikilvægi þessara atriða innan skólans og lítið fé fengist til eðlilegrar döngunar þessara mála, þannig átti skólinn hvorki pressur né steina til skamms tíma né mörg önnur verkfæri, allt fengið að láni frá gamla félaginu og einstaklingum, svo sem Halldóri Péturssyni teiknara og Einari Hákonarsyni, sem setti upp fullkomið málmþrykkverkstæði, sem skólinn svo keypti af honum fyrir fáum árum. Áhrifamiklir aðilar voru á móti grafík lengi vel, þótt nú hafi þeir sem betur fer snúið við blaðinu. Grafík hefur verið kennd við skólann frá árinu 1956, sem liður í almennri kennslu en áður einungis á námskeiðum og ávallt hefur verið mjög mikill áhugi meðal nemenda fyrir listgreininni og á stundum alltof mikill að því er öðrum kennurum fannst og því náði það ekki fram að ganga, að grafíkin yrði að sérdeild uppúr 1962 svo sem ráðgert var af þáverandi skólastjóra (Kurt Zier). Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar sem yfirlit yfir þróunina, sem hefur tekið svo jákvæðum umskiptum hin síðari ár og er bakgrunnur þeirrar sýningar, sem nú getur að líta í Norræna húsinu og án nokkurs vafa verður framhald á þróuninni, svo sem mikill áhugi á listgreininni staðfestir meðal nemenda skólans í dag, svo sem jafnan fyrr. Víkjum svo að sýningunni í Norræna húsinu, sem svo mikla athygli hefur vakið, svo sem aðsókn og sala á verkum sýnir, — nú þegar þetta er ritað eru t.d. 100 grafísk blöð seld og fleiri eiga vafalítið eftir að seljast áður en dyrum verður hallað aftur næstkomandi mánudag.

Þetta er falleg sýning í heild, myndum yfirleitt vel fyrir komið nema í gangi og er það einasta gloppan sem ég sé á upphenging unni. Athygli vekur hve tæknibrögðin eru þróuð og á háu stigi hjá mörgum sýnendum. Þannig álít ég að tæknin hjá þeim sem mest hafa helgað sig málmætingunni svo sem Einari Hákonarsyni Björgu Þorsteinsdóttur og Ragnheiði Jónsdóttur sé tvímælalaust á alþjóðamælikvarða enda hafa þau öll hlotið viðurkenningu á stórum sýningum erlendis og Einar raunar alþjóðleg verðlaun ásamt með heimsþekktum listamönnum, ég geri þó raunar meiri kröfur til þessa listamanns en verk hans rísa undir á þessari sýningu. Björg hefur lengi glímt við tækniatriði af atorku og dugnaði og svo sem oft vill verða í slíkum pataldri þá hafa myndir hennar orðið nokkuð þurrar, en nú er breyting að verða þar á og hún mun óefað bæta mikið við sig á næstu árum. Hlutur fimm barna húsmóður í Garðahreppi, Ragnheiðar Jónsdóttur, er sennilega einsdæmi og á ég bágt með að skilja hvernig hún fær tíma til slíkra tilþrifa sem hún sýnir í myndum sínum, hún er í stöðugum vexti svo sem nýjustu myndir hennar á sýningunni eru til vitnis um og hún á tæknilega fullkomnustu myndirnar á sýning-

Framhald á bls. 36